

123

15. júlí

AUGLÝSING

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp í Kjósarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905 um byggingarsamþykktir, og lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Seltjarnarneshrepp, Kjósarsýslu.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. 1948, B., 167—185).

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1960.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

124

15. júlí

AUGLÝSING

um aðalbrautir og hámarkshraða á þjóðvegum í nágrenni Reykjavíkur, Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslu.

Eftirtaldir vegarkaflar teljast aðalbrautir og er hámarkshraði á þeim 70 km á klst. með þeim takmörkunum, sem að neðan greinir:

I. Reykjanesbraut:

- A. *Aðalbraut* telst frá Miklatorgi í Reykjavík um Kópavogskaupstað og veg ofan við Hafnarfjörð um Hafnargötu í Keflavík, Faxabraut og Hringbraut að vegamótum Hringbrautar og Reykjanesbrautar vestan við Keflavík. Á vegamótum Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarvegjar hjá Engidal hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt, en á vegamótum vegar frá Hafnarfirði og Reykjanesbrautar á Hvaleyrarholti hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt.

B. *Hámarkshraði:*

Miklatorg—Kópavogslækur	45 km/klst.
Kópavogslækur—Silfurtún	60 —
Silfurtún—vegamót hjá Engidal	45 —
Landshafnarhús í Njarðvík að bæjarmörkum Keflavíkur ..	45 —
Bæjarmörk í Keflavík um Hafnargötu, Faxabraut og Hringbraut að vegamótum Hringbrautar og Reykjanesbrautar	35 —

II. Suðurlandsvegur:

- A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Vesturlandsveg á Ártúnshöfða um Hveragerði og Selfoss að vegamótum Suðurlandsvegjar og Gaulverjabæjarvegjar. Á vegamótum Suðurlandsvegjar og Vesturlandsvegjar hefur sá síðarnefndi aðalbrautarrétt og á vegamótum Suðurlandsvegjar og Eyrarbakkevegjar hefur sá fyrernefndi aðalbrautarrétt.

B. *Hámarkshraði:*

Vegamót við Vesturlandsveg—Selás	60 km/klst.
Ristarhlið vestan við Selfoss að vegamótum við Gaulverjabæjarveg	35 —

III. Eyrarbakkavegur:**124**

- A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Suðurlandsveg að vegamótum við ræktunarveg sunnan við Selfoss. 15. júlí
- B. *Hámarkshraði* á þeim hluta vegarins, sem telst aðalbraut, er 35 km/klst.

IV. Vesturlandsvegur:

- A. *Aðalbraut* frá vegamótum við Suðurlandsveg á Ártúnshöfða að vegamótum við Þingvallaveg að þeim meðtöldum.
- B. *Hámarkshraði* frá vegamótum við Suðurlandsveg að Grafarholti 60 km/klst.

V. Vegir um Þjóðgarðinn á Þingvöllum:

- Hámarkshraði* á Þingvalla-, Sogs- og Uxahryggjavegi innan girðinga um Þjóðgarðinn á Þingvöllum er 50 km/klst.

Auglýsing þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 50. og 65 gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin öll eldri ákvæði, sem í bága fara við auglýsingu þessa.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING**125**

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

15. júlí

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905 um byggingarsamþykktir og lögum nr. 55 27. júní 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, sbr. auglýsingu nr. 120 13. júlí 1960, um skipulag í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp í Kjósarsýslu.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. 1948, B., bls. 167—185), nema 4. gr., en þar kemur ný málsgrein, sem verður 4. gr. 1.a., svo hljóðandi:

Ekki má reisa hús eða önnur mannvirki innan hreppsins, nema samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar komi til. Öll mannvirki skulu staðsett og mörkuð í samræmi við heildarskipulag hverrar byggðar og skulu landeigendur bundnir slíku skipulagi um skiptingu landssvæðis undir íbúðarhús eða önnur mannvirki. Byggingarnefnd er þó heimilt að veita undanþágu frá slíku skipulagi með byggingar á lögbýlum sem eingöngu eru miðaðar við þarfir búrekstursins og skal þá hafa samráð við Teiknistofu landbúnaðarins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1960.

Emil Jónsson.

Gunlaugur Þórðarson.